

1864.
29. júní.

eiga sér stað, og vegna þess, að beiðandinn er efnalítill og má ekki við að missa néns í af embættistekjum sínum, sem eru rýrar, þá væri það mjög æskilegt, ef honum af sérstaklegri náð yrði veitt hæfileg þokkabót fyrir skaða þann, er hann hefir beiðið.

Um þetta efni skal yður hærmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það Bjarna presti Sveinssyni, að stjórnarráðið ekki sér sér fært að útvega honum neinar bætur fyrir skaða sinn, en því skal við bætt, að vegna þess að málefni þetta hefir verið sett í samband við málefnið um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland, þá hefir það verið fengið dómsmála-stjórninni til frekari meðferðar.

29. júní.

51. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um guðspjónustugjörðir katólskra í Reykjavík.

Tveir katólskir klerkar, er búa í Reykjavík og haldið er að sæu áhangendur trúarútbreiðslufélags katólskra á norður-löndum, höfðu haldið opinbera guðspjónustugjörð eptir katólskum sið sunnudaginn 3. dag aprílm. síðastl. í bænhúsi, er þeir hafa byggt við hliðina á íbúðarhúsi sínu, en þeirri guðspjónustugjörð hafði hlýtt mikill hluti af bæjarmönnum, og hafði þá annar af klerkum þessum flutt ræðu á íslenzka tungu, er einkum kvað hafa lotið að því, að taka fram kosti þá, er katólsk trúarbrögð ættu að hafa fram yfir önnur trúarbrögð. Fyrir þessa sök hefir bæjarfógetinn í Reykjavík í bréfi, er hingað barst með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, dags. 13. aprílm. þ. á., spurt um:

1. hvort ekki megi beina leið banna að halda slíka opinbera guðspjónustugjörð, meðan enginn rómversk-katólskur söfnuður sé til að halda hana fyrir, og
2. hvort menn, ef þessu verði neitað, eigi að láta sér nægja að hafa vakandi auga á, að hinir rómversk-katólsku klerkar

ekki fái menn til að taka trú sína, eða gjöri tilraun til þess.

1864.
29. júní.

Eptir að búið er að skrifast á um þetta efni við kirkju- og kennslustjórnina, skal yður nú kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér gjörið þær ráðstafanir, er gjöra þarf:

Lagaboð það, sem því verður að ráða, hvernig leysa skal úr þeirri spurning, hvort hinum katólsku klerkum, sem hér er um rætt, sé heimilt að fara að á þann hátt, sem þeir hafa gjört, er tilskipun 17. nóvemberm. 1786 1. grein, en þar er öllum „er meðkenna kristilega trú“ í hinum íslenzku kaupstöðum veitt „fullkomið umburðarlyndi“ og leyfð „frjáls og óhindruð guðsþjónustugjörð.“ Eptir álitu dómsmálastjórnarinnar getur leyfi það, sem kristilegum trúarbragðaflokkum þannig er veitt til: frjálst og óhindrað að halda guðsþjónustugjörð, ekki náð lengra en svo, að þeim sé heimilt að dýrka guð á þann hátt, sem samkvæmur er sannfæringu þeirra; en þar á móti geta klerkar þessara trúarbragðaflokka engan rétt haft til að halda guðsþjónustugjörð fyrir þá, sem ekki eru í þeirra flokki. Bæði er það, að þau orð, sem til var vitnað, í 1. grein tilskipunarinnar virðast beinlínis eptir efni sínu votta, að skilja beri lagastaðinn á þenna hátt, enda styrkist og sú ætlun, að þetta sé rétt, við þann kafla greinarinnar, sem kemur rétt á eptir þeim orðum, sem að ofan eru tilgreind: „til hverrar jafnvel þeir reformerudu, eptir ásigkomulagi, vænta megu leyfis til kirkjubyggingar“. Því eptir hinum íslenzka texta tilskipunarinnar, sem undirskrifaður er af konungi þeim, er þá ríkti, verður að skilja viðbæti þenna á þann veg, að hinir reformertu eptir atvikum geti búið við að fá leyfi til að byggja kirkju, og sést af því, að það ekki hefir verið tilgangurinn að veita hinum ýmsu trúarbragðaflokkum, sem mismunar í kenningum sínum frá lærdómum landskirkjunnar, leyfi til að halda opinbera guðsþjónustugjörð.

Eptir því, sem nú hefir sagt verið, getur ekki stjórnarráðið annað en álituð athæfi það, sem hér er um kvartað, ólöglegt, og skal því hærmeð skorað á yður, herra stiptamtmaður, að bjóða bæjarfógetanum í Reykjavík að banna hinum katólsku

1864.

29. júní.

klerkum, sem þar eru, að halda framvegis nokkra slíka opinbera guðshjónustugjörð, sem hér er um rætt.

29. júní.

52. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um álnatal í hundruðum eftir hinni nýju jarðabók.

Með bréfi 29. marzm. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, sent hingað skjal nokkurt frá héraðs-prófastinum í Dalasýslu; í því ber hann sig upp yfir úrskurði amtmannsins í vesturumdæminu, er lýtur að því, að í jarðarhundruðunum í jarðabókinni frá 1864 séu ekki, eins og áður hefir verið, 120 álnir, heldur aðeins 100 álnir í hverju hundraði; hafið þér skýrt frá, að þér hafið svarað prófastinum, að það megi álitast öldungis vafalaust, að hið nýja jarðamat ekki hafi gjört neina breyting á hinni gömlu reglu um, að 120 álnir séu í hundraði, og að þér hafið boðið honum að gæta þess, að kirkjutíundin af jörðunum sé heimtuð samkvæmt þessu, en beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, hvað rétt beri að álíta í þessu efni.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörði það, að stjórnarráðið fellst á álit yðar og ráðstafanir í þessu efni.

30. júní.

53. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir flutning sakamanns.

Í bréfi dagsettu 12. d. marzm. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, borið undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar ágreining, sem orðið hefir millum yðar og amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu á Íslandi, um borgun 30 ríkisdala fyrir flutning á fanganum Guðlaugi Þórðarsyni í októbermánuði f. á. úr Eyjafjarðarsýslu til Reykjavíkur, þaðan er átti að senda hann til Kaupmannahafnar til að þola hér í einhverju hegningarhúsi